



FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

2. tbl. 16. árgangur



SAGAN HÓFST '96-'97



RISASTÓRT PRÓUNARVERKEFNI

Stóra upplestrarkeppnin fyrir 7. bekk hófst veturinn 1996 - 1997 með þátttöku 223 barna í Hafnarfirði og á Álftanesi. Sex árum síðar voru börnin 4579 úr 151 skóla hringinn í kringum landið. Áslandsskóli tók fyrst þátt árið 2003 þegar Þorsteinn Árni Steindórsson, núverandi flugmaður, tók þátt fyrir hönd skólans. Upplestrarkeppnin er ekki "keppni" í neinum venjulegum skilningi heldur þróunarverkefni. Höfuðáherslan er lögð á bekkjarstarfið og að allir nemendur njóti góðs af. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skóla-skrifstofur, skóla og kennara. Þátttaka í upplestrarkeppninni stendur öllum 7. bekkjum landsins til boða. Keppnin hefst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, ár hvert og lýkur í mars.


FRÁBÆRIR FULLTRÚAR ÁSLANDSSKÓLA Í HAFNARBORG

ERLA RÚRÍ SIGRAÐI Í STÓRU UPPLÉSTRARKEPPNINI

Það var mikið um dýrðir í Hafnarborg þriðju-daginn 7. mars en þar fór fram lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar. Þar áttum við í Áslandsskóla tvo glæsilega fulltrúa, þær Birgittu Kristínu S. Scheving og Erlu Rúrí Sigurjónsdóttur. Áður hafði farið fram undankeppni hér í skólanum sem lauk með því að nemendur komu fram á sal skólans þar sem Birgitta Kristín og Erla Rúrí voru valdar úr hópi sam-nemenda sinna. En í raun og veru eru allir þátt-takendur sigurvegarar, allir fá mikla og góða þjálfun og kennslu og nemendur taka miklum framförum.

Lokahátíðin fór síðan fram í vikunni í Hafnarborg undir öruggri stjórn Ingibjargar Einarsdóttur fyrrum skrifstofu-stjóra Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Ingibjörg hefur staðið vörð um þetta

risastóra þróunarverkefni sem upplestrar-keppnin er og á mikinn heiður skilið fyrir frábært starf. Án ræktarsemi hennar við verkefnið hefði það aldrei dafnað eins vel og það hefur gert. Allir grunnskólar Hafnarfjarðar sendu tvo keppendur til hátíðarinnar í Hafnarborg.



Það er skemmst frá því að segja að dömurnar okkar tvær stóðu sig frábærlega í Hafnarborg og fluttu sína texta framúrskarandi vel. Á endanum var það síðan Erla Rúrí sem stóð uppi sem sigurvegari keppinnar fyrir árið 2017 og fetaði þar með í fótspor Hönnu systur sinnar sem sigraði í keppninni árið 2010. Þetta er í þriðja skiptið sem Áslandsskóli sigrar í Stóru upplestrarkeppninni, því auk þeirra systra sigraði Ásta Margrét Eiríksdóttir í keppninni á sínum tíma.

ÞRJÚ EFSTU 2017

Sveinbjörg Júlía úr Hraunvallaskóla, Erla Rúrí úr Áslandsskóla, Dagur Logi úr Hvaleyrarskóla ásamt Elizu Reid forsetafrú Íslands.



HVAÐ ER GÓÐUR UPPELSTUR?

AÐ MÖRGU AÐ HYGGA

Þegar keppnin fór af stað töldu margir að erfitt mundi reynast að meta gæði upplestrar. Vissulega getur mat á upplestri verið smekksatriði en þó má hæglega meta fullkomlega hlutlægt nokkur atriði. Dómnefndir á lokahátíðum styðjast við sérstakt eyðublað til að meta frammistöðu upplesara. Á eyðublaðinu er gert ráð fyrir að hver lesari lesi þrisvar.

Hér eru nefndir sjö þættir sem taka má tillit til þegar framsögn er metin.

Líkamsstaða

Lesari kemur sér vel fyrir áður en hann byrjar, og fer sér að engu óslega. Hann þarf að standa beinn og í báða fætur, draga andann djúpt og horfa fram. Hangandi eða slöpp staða kemur niður á lestrinum.

Raddstyrkur

Berst röddin út í hvert horn stofunnar? Góð öndun og stuðningur frá gólfi og magavöðvum skiptir máli. Til þess að röddin berist þarf að anda djúpt og finna hljóð raddarinnar. Spenna eða klemma

í hálsi dregur úr raddstyrk og hefur slæm áhrif á tónfall.

Notkun talfæra

Þegar talað er yfir stóran hóp þarf að kveða fastar og skýrar að en þegar talað er við fáa eða lesið úr sæti í skólastofu. Til þess þarf að hreyfa talfærin svo að sjáist. Þeim sem vanir eru að tuldra kann að virðast sem hreyfingar verði ýktar en svo ætti ekki að vera. Í þessu þarf hver og einn að leita jafnvægis, en miða má við að munnhreyfingar sjáist það vel að heyrnardaufur maður geti haft stuðning af vörum til að heyra það sem sagt er. Bendið á sjónvarpspuli til samanburðar. Sumir eru til fyrirmyndar – aðrir ekki.

Framburður

Framburður þarf að vera vandaður og svo skýr að hvert orð skiljist. Í vönduðum framburði er gert ráð fyrir ýmsum eðlilegum samlögnum og brottföllum hljóða. Sérhljóð þurfa að vera rétt myндуð og öll þau samhjóð skýr sem eðlilegt er að heyrast í vönduðu samfelldu talmáli. Svokallaður

„stafsetningarframburður“ er hins vegar til lýta. Eðlilegt er að segja: „Kvað erðetta maður?“ í vönduðum reykvískum framburði, hvað sem stafsetningunni líður. Hins vegar er óvandað að segja: „Gvadamar?“ Áherslur og tónfall þurfa að vera rétt og eðlileg miðað við merkingu og túlkun lesmálsins.

Tími og þagnir

Gefur upplesarinn sér tíma til að koma merkingunni til skila? Börnum hættir mjög til að lesa of hratt þegar þau lesa upphátt. Nemandi sem les of hratt fyrir aðra hefur enga möguleika á að koma til skila blæbrigðum í textanum, hann hefur ekki tíma til að setja þagnir og áherslur og öll framsögn og samskipti við áheyrendur fer í handaskolum. Mikilvægt er að upplesari gefi sér tíma til að setja þagnir á réttum stöðum eða hægja á lestrinum þar sem það á við. Kennari þarf iðulega að ítreka við nemendur að lesa hægar. Þá er eins og margt annað komi af sjálfu sér.

ANDRI SNÆR MAGNASON

Andri Snær Magnason hefur fengist við skáldsagnaskrif, ljóðlist, leikritagerð, almenna hugmynda-vinnu og kvikmyndagerð. Verk hans hafa verið gefin út eða sýnd í meira en 30 löndum og þau

hafa hlotið margvíslegar innlendar og alþjóðlegar viðurkenningar. Sagan af bálúa hnettinum hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1999, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin 2002 og

Janusz Korczak heiðursverðlaunin í Póllandi árið 2000.



BIRCAN KRISTÍN S. SCHEVING



ERLA ÞURI SIGURJÓNSDÓTTIR

BLÆBRIGÐI, TÚLKUN, SAMSKIPTI

VARAST BER AÐ OFTÚLKA TEXTA SEM LESINN ER

Blæbrigði og túlkun

Er lesturinn í samræmi við efnið? Upplesari þarf að lesa af skilningi og miðla honum á einlægum en hófstílltan hátt til áheyrenda. Hér skiptir mestu að lesari skilji efnið til hlítar og flytji áheyrendum þann skilning.

Blæbrigði í lestri geta oft ráðið úrslitum um hvort og hvernig áheyrandi skilur það sem sagt er. Ástæða er til að vara sérstaklega við að oftúlka ekki textann með upphöfnum lestri eða leikrænum tilburðum. Slíkur flutningur hentar ekki hinum ungu upplurum og er ekki í samræmi við markmið keppinnar.

Samskipti við áheyrendur

Áður en upplestur hefst þarf upplesari að gefa sér tíma til að líta framan í áheyrendur sína svo þeir finni strax að talað sé til þeirra.

Gefa þarf gaum að öllum salnum, jafnt þeim fremsta sem hinum aftasta. Lesari skyldi alltaf hafa þann í huga sem aftast situr, það gefur lestrinum meiri kraft.

Gott er að líta upp við og við meðan lesið er – og alltaf að lestri loknum.

Góð samskipti við áheyrendur verða til þess að þeir fylgjast betur með og lesturinn verður blæbrigðaríkari.



STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

Steinunn Sigurðardóttir gaf út fyrstu bók sína, ljóðabókina Sífellur, 19 ára gömul og vakti hún strax athygli.

Árið 1995 fékk hún Íslensku

bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Hjartastað.

Bækur hennar hafa verið þýddar á önnur mál og frönsk kvikmynd byggð á skáldsögunni

Tímabjórnum var frumsýnd árið 1999.



STÖRF DÓMNEFNDA ÞEGAR META SKAL UPPLESTUR

Þeir sem meta upplestur á lokahátíðum af hálfu Radda hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

Frumskilyrði er að framburður sé vandaður og skýr en það er ekki alltaf nóg. Vandaður og skýr framburður getur verið líflaus flutningur. Dómnefndum er iðulega vandi á höndum þegar gera þarf upp á milli tveggja lesara þar sem annar les hátt og snjallt en vantar sálinu í lesturinn, en hinn nokkuð lægra, stuttu tvíhljóðin ekki alveg nógu skýr en flutningurinn engu að síður heillandi. Í slíkum tilvikum getur komið upp ágreiningur um verðlaunasæti og þar þarf dómnefnd að gæta meðalhófs.

Túlkun á efni skal vera hófsöm en miðla fullum skilningi á efninu þannig að áheyrendur skynji hver þessi skilningur er. Sá skilningur sem upplesari miðlar verður að vera einlægur skilningur þess sem les. Fyrir kemur að börn eru þjálfuð til að flytja ljóð eins og lærdur leikari eða aðrir fullorðnir vilja hafa þau. Ekki er rétt að kenna börnum upplestur á þann hátt og slíkur flutningur verður falskur og óekta þótt hann kunni að fara fullorðnum vel. Yfirdrífín leikræn túlkun er ekki metin til verðlauna af dómnefndum.

Börnum hættir til að láta bragarhátt ráða upplestri ljóða. Kvæði undir hefðbundnum bragarháttum skal lesa fyrst og fremst af skilningi á efninu en þó verða stuðlar og rím að fá að njóta sín.

LITLA UPPLESTRARKEPPNIN

BH

Á lokahátíðinni í Hafnarborg lásu keppendur að hluta til fyrirfram ákveðið efni.

Lesið var úr bókinni Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason og heiðraði höfundur samkomuna með nærveru sinni. Þá var lesið valið ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur. Að lokum lásu keppendur ljóð að eigin vali.

Á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppinnar vaknaði sú hugmynd að hleypa af stokkunum nýju átaki í upplestri og munnlegri tjáningu. Ákveðið var að horfa til nemenda í 4. bekk grunnskólanna og taka nemendur í Áslandsskóla nú þátt í Litlu upplestrarkeppninni í sjöunda sinn. Frábært er að fylgjast með faglegri kennslu og framförum nemenda í tengslum við verkefnið. Nemendur koma síðan fram á lokahátíðum, hver bekkur með sína hátíð. Þá er foreldrum boðið að koma og hlýða á talkór og fallegan flutning nemenda á móður-málinu.



Á döfnni

MARS & APRÍL



MAR

Stóra Upplestrarkeppnin 7. mars
Samræmd próf 7. mars
Samræmd próf 8. mars
Samræmd próf 9. mars
Samræmd próf 10. mars

APR

Menningarhátíð 6. apríl
Páskaleyfi 7. apríl
Kennsla hefst eftir páska 18. apríl
Sumardagurinn fyrsti 20. apríl

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1
221 Hafnarfirði
S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:
LEIFUR S. GARÐARSSON
Skólastjóri